***Endurskoðunarstofan***
***Álit ehf.***

# Ársreikningur
# 2010

Hvalfjarðarsveit

# Efnisyfirlit

Bls.

| | |
|---|---|
| Áritun endurskoðenda | 3 |
| Áritun stjórnenda | 5 |
| Rekstrarreikningur | 7 |
| Efnahagsreikningur | 8-9 |
| Sjóðstreymi | 10 |
| Skýringar | 11-20 |
| Rekstraryfirlit | 21 |

Hvalfjarðarsveit
Innrimel 3
301 Akranes

Sími : 433 8500
Fax : 433 8501

Kt. 630606-1950

*Endurskoðunarstofan*
*Álit ehf.*

# Áritun endurskoðenda og skoðunarmanna

Til sveitarstjórnar Hvalfjarðarsveitar.

Við höfum endurskoðað ársreikning Hvalfjarðarsveitar fyrir árið 2010. Ársreikningurinn hefur að geyma ársreikning fyrir A hluta starfsemi sveitarfélagsins en engin B hluta starfsemi er hjá sveitarfélaginu. Ársreikningurinn greinist í áritun sveitarstjóra og sveitarstjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

**Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum**
Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Ábyrgðin felur í sér að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og mati miðað við aðstæður.

**Ábyrgð endurskoðanda**
Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fáist um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðunin felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggist á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits sveitarfélagsins. Endurskoðunin felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

**Álit**
Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Hvalfjarðarsveitar á árinu 2010, efnahag 31. desember 2010 og breytingu á handbæru fé á árinu 2010, í samræmi við lög um ársreikninga.

Akranesi, 21. mars 2011.

**Endurskoðunarstofan Álit ehf.**

_______________________________
Löggiltur endurskoðandi

Við, kjörnir skoðunarmenn Hvalfjarðarsveitar, höfum yfirfarið ársreikning þennan. Leggjum við til að ársreikningurinn verði samþykktur.

Akranesi, í mars 2011.

Kjörnir skoðunarmenn

# Áritun sveitarstjóra og sveitarstjórnar

Ársreikningur Hvalfjarðarsveitar er gerður í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga, reglugerð um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga og auglýsingar ráðuneytis sveitarstjórnarmála um reikningsskil sveitarfélaga.

Rekstrartekjur sveitarfélagsins á árinu námu 590,1 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi fyrir A hluta, en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir rekstrartekjum að fjárhæð 525,3 millj. kr. Engin B hluta starfsemi er hjá sveitarfélaginu.

Álagningarhlutfall útsvars var 13,03% en lögbundið hámark þess er 13,28%. Álagningarhlutfall fasteignaskatts í A-flokki nam 0,47% en lögbundið hámark þess er 0,5%, í B-flokki nam álagningarhlutfallið 1,32% sem er lögbundið hlutfall og í C-flokki nam álagningarhlutfallið 1,32% sem lögbundið hlutfall þess. Auk þess hafa sveitarstjórnir heimild til að hækka álagningarhlutfall í A og C flokki um allt að 25%.

Laun og launatengd gjöld á árinu námu alls 231,6 millj. kr. og voru ársverk um 40 en fjöldi starfsmanna 51.

Rekstrarniðurstaða sveitarfélagsins samkvæmt rekstrarreikningi var jákvæð um 190,1 millj. kr., en samkvæmt fjárhagsáætlun var gert ráð fyrir 123,3 millj. kr. tekjuafgangi.

Heildareignir sveitarfélagsins námu 1.878,8 millj. kr. og heildarskuldir 54,4 millj. kr. Eigið fé sveitarfélagsins í árslok nam 1.824,4 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi.

Ársreikningur Hvalfjarðarsveitar fyrir árið 2010 er tilbúinn til afgreiðslu í sveitarstjórn í samræmi við ákvæði 72. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1988.

Hvalfjarðarsveit, 21. mars 2011.

**Sveitarstjóri:**

Ársreikningur Hvalfjarðarsveitar fyrir árið 2010 hefur hlotið afgreiðslu sveitarstjórnar í samræmi við ákvæði 72. gr. sveitarstjórnarlaga og er staðfestur og áritaður við síðari umræðu í sveitarstjórn.

Hvalfjarðarsveit, mars 2011.

**Sveitarstjórn:**

# Rekstrarreikningur ársins 2010

| | Skýr. | 2010 | Áætlun | 2009 |
|---|---|---|---|---|
| **Tekjur:** | | | | |
| Útsvör og fasteignaskattar ........................................... | | 423.765.243 | 416.566.800 | 410.810.721 |
| Framlög Jöfnunarsjóðs ............................................... | | 79.156.958 | 70.395.000 | 75.121.678 |
| | 21 | 502.922.201 | 486.961.800 | 485.932.399 |
| Aðrar tekjur ................................................................. | | 87.158.790 | 38.315.620 | 54.320.995 |
| | 4 | 590.080.991 | 525.277.420 | 540.253.394 |
| **Gjöld:** | | | | |
| Laun og launatengd gjöld ............................................ | 22 | 231.555.854 | 217.232.232 | 232.940.061 |
| Annar rekstrarkostnaður .............................................. | 23 | 184.639.524 | 186.525.174 | 197.182.111 |
| | 5 | 416.195.378 | 403.757.406 | 430.122.172 |
| Afskriftir ..................................................................... | 8 | 25.095.841 | 24.829.200 | 21.882.764 |
| | 25 | 441.291.219 | 428.586.606 | 452.004.936 |
| Rekstrarafkoma fyrir fjármagnsliði ............................. | | 148.789.772 | 96.690.814 | 88.248.458 |
| Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld .............................. | 6,24 | 40.533.402 | 26.619.000 | 33.482.793 |
| Áhrif dótturfélaga ....................................................... | | 766.745 | | |
| | | 41.300.147 | 26.619.000 | 33.482.793 |
| **Rekstrarafkoma, jákvæð ...............................................** | 1,2,20 | **190.089.919** | **123.309.814** | **121.731.251** |

| | |
|---|---|
| Lykiltölur .................................................................... | 42 |

# Efnahagsreikningur

## Eignir:

| | Skýr. | 31.12.2010 | 31.12.2009 |
|---|---|---|---|
| **Fastafjármunir:** | | | |
| Varanlegir rekstrarfjármunir: | | | |
| Fasteignir og lóðir | 3 | 673.941.857 | 494.932.431 |
| Veitukerfi | | 16.887.416 | 18.200.192 |
| Gatnamannvirki | | 35.808.032 | 37.516.508 |
| Bifreiðar | | 4.961.498 | 3.295.887 |
| | 7,8,26-29 | 738.238.803 | 553.945.018 |
| Áhættufjármunir og langtímakröfur: | | | |
| Eignarhlutar | 9-11,30 | 801.963.124 | 796.355.016 |
| Langtímakröfur | 12,31 | 33.465.071 | 35.392.144 |
| | | 835.428.195 | 831.747.160 |
| Fastafjármunir | | 1.573.666.998 | 1.385.692.178 |
| **Veltufjármunir:** | | | |
| Skammtímakröfur: | | | |
| Óinnheimtar tekjur | 14 | 45.359.831 | 27.026.639 |
| Næsta árs afborganir langtímakrafna | | 5.565.220 | 7.018.081 |
| Aðrar skammtímakröfur | | 12.536.580 | 14.889.559 |
| Skammtímakröfur samtals | 32 | 63.461.631 | 48.934.279 |
| Handbært fé | 15 | 241.656.640 | 211.307.349 |
| Veltufjármunir | | 305.118.271 | 260.241.628 |
| Eignir utan efnahagsreiknings | 16 | | |
| **Eignir samtals** | 36 | **1.878.785.269** | **1.645.933.806** |

# 31. desember 2010

## Eigið fé og skuldir:

| | Skýr. | 31.12.2010 | 31.12.2009 |
|---|---|---|---|
| **Eigið fé:** | | | |
| Eigið fé | 33 | 1.824.418.126 | 1.594.443.207 |
| Eigið fé samtals | | 1.824.418.126 | 1.594.443.207 |
| **Skuldbindingar:** | | | |
| Lífeyrisskuldbindingar | 17,34 | 122.725 | 104.625 |
| **Langtímaskuldir:** | | | |
| Skuldir við lánastofnanir | 18,35 | 815.484 | 1.589.469 |
| **Skammtímaskuldir:** | | | |
| Viðskiptaskuldir | | 30.505.005 | 27.471.696 |
| Næsta árs afborganir langtímaskulda | | 815.484 | 794.734 |
| Aðrar skammtímaskuldir | | 22.108.445 | 21.530.075 |
| | | 53.428.934 | 49.796.505 |
| Skuldir og skuldbindingar samtals | | 54.367.143 | 51.490.599 |
| Skuldbindingar utan efnahagsreiknings | 19,37-38 | | |
| Tengdir aðilar | 40 | | |
| Önnur mál | 41 | | |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | 36 | **1.878.785.269** | **1.645.933.806** |

# Sjóðstreymi árið 2010

| | Skýr. | 2010 | Áætlun | 2009 |
|---|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar:** | | | | |
| Rekstrarafkoma, jákvæð | | 190.089.919 | 123.309.814 | 121.731.251 |
| Liðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi: | | | | |
| Söluhagnaður eigna | | (41.273.816) | | (4.094.610) |
| Afskriftir | | 25.095.841 | 24.829.200 | 21.912.787 |
| Áhrif dótturfélaga | | (766.745) | | |
| Verðbætur og gengismunur | | (1.607.534) | | (4.821.382) |
| Breyting lífeyrisskuldbindinga | | 18.100 | | |
| Veltufé frá rekstri | | 171.555.765 | 148.139.014 | 134.728.046 |
| Breytingar á skammtímaliðum: | | | | |
| Skammtímakröfur, breyting | | (15.980.213) | 1.466.000 | (8.779.843) |
| Skammtímaskuldir, breyting | | 3.611.679 | 40.000.000 | 6.345.489 |
| Breytingar | | (12.368.534) | 41.466.000 | (2.434.354) |
| Handbært fé frá rekstri | | 159.187.231 | 189.605.014 | 132.293.692 |
| **Fjárfestingarhreyfingar:** | | | | |
| Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum | | (176.866.118) | (276.600.000) | (175.830.101) |
| Söluverð seldra rekstrarfjármuna | | 49.823.161 | | 10.500.000 |
| Fjárfesting í eignarhlutum | | (5.500.142) | | (8.000.000) |
| Langtímakröfur, breyting | | 4.461.362 | | 7.213.349 |
| Fjárfestingarhreyfingar | | (128.081.737) | (276.600.000) | (166.116.752) |
| **Fjármögnunarhreyfingar:** | | | | |
| Afborganir langtímalána | | (756.203) | (841.000) | (968.130) |
| Fjármögnunarhreyfingar | | (756.203) | (841.000) | (968.130) |
| Hækkun á handbæru fé | | 30.349.291 | (87.835.986) | (34.791.190) |
| Handbært fé í ársbyrjun | | 211.307.349 | 211.307.349 | 246.098.539 |
| **Handbært fé í árslok** | | **241.656.640** | **123.471.363** | **211.307.349** |

# Skýringar

## Um sveitarfélagið:

1. Hvalfjarðarsveit er sveitarfélag við norðanverðan Hvalfjörð á Vesturlandi. Þar bjuggu 617 manns þann 1. desember 2010. Stjórnsýsluskrifstofa sveitarfélagsins er að Innrimel 3.

## Reikningsskilin:

*Grundvöllur reikningsskilanna*

2. Ársreikningur Hvalfjarðarsveitar árið 2010 hefur að geyma ársreikning fyrir þær rekstrareiningar sem falla undir A hluta starfsemi sveitarfélagsins, en allur rekstur þess fellur undir A hluta, sbr. 60. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998.

   Til A hluta, þ.e. sveitarsjóðs, telst starfsemi sem að hluta eða öllu leyti er fjármögnuð með skatttekjum, en auk aðalsjóðs er um að ræða eignasjóð.

   Ársreikningurinn er gerður samkvæmt kostnaðarverðsreglu og í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga nr. 144/1994, reglugerð um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga nr. 944/2000 og auglýsingar félagsmálaráðuneytisins um reikningsskil sveitarfélaga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum og byggir í meginatriðum á sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

   Stöður í efnahagsreikningi milli rekstrareininga í A hluta og viðskipti milli þeirra eru felld út í ársreikningi A hluta. Af viðskiptum milli rekstrareininga sveitarfélagsins má nefna álagða fasteignaskatta, húsaleigu eignasjóðs og önnur innbyrðis viðskipti vegna kaupa á vöru og þjónustu.

## Breytingar á reikningsskilaaðferðum:

Á árinu breytti sveitarfélagið reikningsskilaaðferðum sínum á eftirfarandi hátt:

*Færsla á lóðum og lendum*

3. Sveitarfélagið innleiddi á árinu álit Reikningsskila- og upplýsinganefndar sveitarfélaga 2/2010, færsla á lóðum og lendum í bókhaldi og reikningsskilum sveitarfélaga. Innleiðing álitsins fól í sér breytingu á reikningsskilaðferðum sveitarfélagsins þar sem sveitarfélagið færir nú til eignar meðal varanlegra rekstrarfjármuna lóðir og lendur sem það hefur leigutekjur af. Lóðir og lendur sem sveitarfélagið hefur leigutekjur af eru nú færðar á gangvirði, en þó eigi hærra verði en sem nemur núvirði framtíðarleigutekna samkvæmt fyrirliggjandi leigusamningum. Áhrif breytinganna eru færð á eiginfjárreikning. Lóðir og lendur eru endurmetnar með reglubundnum hætti. Allar matsbreytingar vegna endurmats eru færðar á eiginfjárreikning. Upptaka reikningsskilaaðferðar miðaðist við þann 1. janúar 2010 og eru lóðir og lendur sveitarfélagsins endurmetnar til gangvirðis og færðar í efnahag sveitarfélagins miðað við þann dag. Til samræmis við álitið eru áhrif upptöku reikningsskilaaðferðar færð á eiginfjárreikning þann 1. janúar 2010 og hækkaði eigið fé sveitarfélagsins um 39,9 millj. kr. vegna þessa. Upptaka reikningsskilaaðferðar felur ekki í sér afturvirka leiðréttingu á reikningsskilum sveitarfélagsins.

## Mikilvægar reikningsskilaaðferðir:

Reikningsskilaaðferðum sem settar eru fram hér á eftir hefur verið beitt með samræmdum hætti á þeim tímabilum sem birt eru í ársreikningnum, nema annað sé tekið fram.

*Innlausn tekna*

4. Skatttekjur eru færðar til tekna við álagningu þeirra, en til lækkunar er færð reiknuð niðurfærsla vegna óinnheimtra skattekna. Til skatttekna teljast útsvör, fasteignaskattur og framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, auk annarra tekna sem hafa ígildi skatta, svo sem lóðarleiga.

**Skýringar, frh.:**

Tekjur vegna gatnagerðar eru færðar til lækkunar á viðkomandi eignalið í efnahagsreikningi s.s. framkvæmdakostnað vegna nýbyggingar gatnamannvirkja. Tekjur umfram framkvæmdakostnað eru færðar meðal skammtímaskulda í efnahagsreikningi. Reynist kostnaður við framkvæmdir lægri en tekjur vegna viðkomandi verkefnis er færsla tekna í rekstrarreikning gerð við verklok.

Tekjur af sölu þjónustu og vöru eru færðar þegar afhending hefur farið fram og kröfuréttur myndast.

Áfallnar vaxtatekjur eru færðar til tekna í samræmi við höfuðstól og skilmála vaxtaberandi krafna. Arðstekjur eru færðar til tekna þegar réttur til þeirra hefur myndast.

Hagnaður eða tap af sölu varanlegra rekstrarfjármuna og fasteignatengdra réttinda er reiknað sem mismunur söluverðs og bókfærðs verðs og fært í rekstrarreikning meðal rekstrartekna eða rekstrargjalda, eftir því sem við á.

*Færsla gjalda*

5. Útgjöld eru færð í ársreikninginn á því tímabili sem til þeirra er stofnað og kröfuréttur seljanda hefur myndast.

*Verðlags- og gengisviðmið*

6. Eignir og skuldir, sem bundnar eru verðlagsvísitölu eða gengi erlendra gjaldmiðla, eru færðar í ársreikninginn miðað við verðlag eða gengi í árslok. Verðlagsbreytingar og gengismunur sem myndast eru færð í rekstrarreikning.

*Varanlegir rekstrarfjármunir*

7. Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Fjárfesting vegna gatnagerðarframkvæmda er eignfærð að frádregnum tekjum er tengjast viðkomandi verkefni.

Lóðir og lendur sem sveitarfélagið hefur leigutekjur af eru færðar á gangverði eða núvirði framtíðarleigutekna samkvæmt fyrirliggjandi leigusamningum sé það lægra. Lóðir og lendur eru endurmetnar á hverjum reikningsskiladegi. Endurmat lóða og lendna er fært á eiginfjárreikning.

*Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna*

8. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrar-fjármuna, þar til niðurlagsverði er náð. Eignfærðar jarðeignir eru ekki afskrifaðar. Áætlaður nýtingartími rekstrarfjármuna greinist þannig:

| | Ár |
|---|---|
| Fasteignir | 25 og 50 |
| Bifreiðar | 6,7 |
| Áhöld og tæki | 6,7 |
| Veitukerfi | 25 |
| Gatnakerfi | 25 |
| Búnaður | 6,7 |

Lóðir og lendur sem sveitarfélagið hefur leigutekjur af eru ekki afskrifaðar.

**Skýringar, frh.:**

*Dótturfélög*

9. Eignarhlutir í dótturfélögum eru eignfærðir á verði sem svarar til hlutdeildar sveitarfélagsins í bókfærðu eigin fé þeirra.

*Hlutafélög*

10. Hlutabréf Spalar hf. eru færð til eignar á framreiknuðu kaupverði samkvæmt ákvæðum í bréfunum um verðtryggingu þeirra. Hlutabréf sem skráð eru á skipulegum verðbréfamarkaði eru eignfærð á markaðsverði í árslok, en það telst vera verðið á síðasta skráningardegi ársins. Önnur hlutabréf eru bókfærð á kostnaðarverði.

*Sameignarfélög og stofnanir*

11. Eignahlutar í sameignarfélögum öðrum en Faxaflóahöfnum sf. eru bókfærðir samkvæmt hlutdeild í eigin fé þeirra 1. janúar 2003.
Eignahluti í Faxaflóahöfnum sf., er bókfærður samkvæmt hlutdeild í eigin fé félagsins við stofnun félagsins.

*Langtímakröfur*

12. Langtímakröfur eru færðar til eignar í samræmi við lánskjör. Næsta árs afborganir langtímakrafna eru færðar í efnahagsreikningi meðal veltufjármuna.

*Birgðir*

13. Birgðir sveitarfélagsins í árslok eru óverulegar en samanstanda af rekstrarvörubirgðum sem gjaldfærðar eru við innkaup.

*Óinnheimtar skatttekjur og aðrar kröfur*

14. Óinnheimtar skatttekjur, aðrar kröfur og verðbréf eru færð niður til að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign sveitarfélagsins, en hér er ekki um endanlega afskrift að ræða. Annars vegar er um að ræða niðurfærslu vegna krafna sem sérstaklega hafa verið metnar í tapshættu og hins vegar niðurfærslu til að mæta almennri áhættu. Niðurfærslan er dregin frá viðkomandi lið í efnahagsreikningi.

*Handbært fé*

15. Sjóðir og bankainnstæður teljast til handbærs fjár.

*Eignir utan efnahagsreiknings*

16. Fjárfesting í landi sem ekki er leigt út og umferðarmannvirkjum fyrir ársbyrjun 2002 er ekki færð til eignar í efnahagsreikningi. Fjárfesting í byggingarlandi, umferðarmannvirkjum og lausafjármunum fyrir ársbyrjun 2002 er ekki færð til eignar í efnahagsreikningi.

*Lífeyrisskuldbinding*

17. Lífeyrisskuldbinding vegna lífeyrisréttinda starfsmanna sveitarfélagsins er færð sem langtímaskuld í efnahagsreikningi á grundvelli framreiknaðrar tryggingafræðilegrar úttektar frá árinu 2008. Þar sem fjárhæð skuldbindingarinnar er óveruleg, var ekki lagt í kostnað við formlegt endurmat hennar en fjárhæðin framreiknuð til ársloka 2010 samkvæmt launavísitölu. Reiknuð breyting á skuldbindingunni á árinu er gjaldfærð í rekstrarreikningi.

*Langtímaskuldir*

18. Langtímaskuldir eru færðar í efnahagsreikningi í samræmi við lánskjör. Næsta árs afborganir langtímaskulda eru færðar í efnahagsreikningi meðal skammtímaskulda.

**Skýringar, frh.:**

*Ábyrgðir og aðrar skuldbindingar utan efnahagsreiknings*

19. Yfirlit um ábyrgðir og aðrar skuldbindingar sveitarfélagsins utan efnahagsreiknings er birt í sundurliðunum ársreikningsins og skýringu.

*Fjárhagsáætlun og sundurliðanir*

20. Sundurliðanir ársreikningsins í samanburði við fjárhagsáætlun eru birtar í fylgiriti með ársreikningnum. Í yfirliti hér að aftan er birt rekstraryfirlit málaflokka í samanburði við upphaflega áætlun og endurskoðaða áætlun.

**Rekstrartekjur:**

21. Rekstrartekjur greinast þannig:

| | Ársreikningur | Áætlun |
|---|---|---|
| *Útsvör og fasteignaskattar* | | |
| Útsvar | 179.182.475 | 169.999.000 |
| Fasteignaskattur | 242.707.660 | 244.443.800 |
| Lóðaleiga | 1.875.108 | 2.124.000 |
| | 423.765.243 | 416.566.800 |
| *Framlög Jöfnunarsjóðs* | | |
| Framlag vegna fasteignaskatts | 15.590.291 | 13.000.000 |
| Framlög vegna grunnskóla | 39.389.185 | 36.000.000 |
| Framlög vegna endurskipulagningar | 18.954.000 | 15.555.000 |
| Önnur framlög | 5.223.482 | 5.840.000 |
| | 79.156.958 | 70.395.000 |
| Skatttekjur samtals | 502.922.201 | 486.961.800 |
| *Aðrar tekjur* | | |
| Þjónustutekjur | 25.789.477 | 26.154.644 |
| Eignatekjur | 9.222.773 | 9.525.376 |
| Endurgreiðslur | 6.469.135 | 2.635.600 |
| Söluhagnaður eigna | 41.273.816 | |
| Aðrar tekjur | 4.403.589 | |
| | 87.158.790 | 38.315.620 |
| Rekstrartekjur samtals | 590.080.991 | 525.277.420 |

**Laun og launatengd gjöld:**

22. Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

| | | |
|---|---|---|
| Föst laun | 152.499.390 | 144.778.400 |
| Yfirvinna | 13.002.418 | 11.499.500 |
| Önnur laun | 15.795.980 | 13.059.400 |
| Ökutækjastyrkur | 5.695.172 | 4.961.300 |
| Eftirlaun og lífeyrisskuldbinding | 18.100 | |
| Launatengd gjöld | 44.287.569 | 42.509.032 |
| Annar starfsmannakostnaður | 257.225 | 424.600 |
| | 231.555.854 | 217.232.232 |

Við árslok var 51 starfsmaður í starfi hjá Hvalfjarðarsveit, starfsmenn skiluðu 40 ársverkum. Laun og starfstengdar greiðslur sveitarstjórnar og sveitarstjóra námu 16 millj. kr. á árinu.

**Skýringar, frh.:**

**Annar rekstrarkostnaður:**

23. Annar rekstrarkostnaður greinist þannig:

| | Ársreikningur | Áætlun |
|---|---|---|
| Vörukaup og viðhaldsvörur | 23.633.724 | 25.172.700 |
| Prentun, sími og auglýsingar | 4.013.981 | 4.092.500 |
| Akstur og flutningsgjöld | 22.041.158 | 22.930.500 |
| Risna og ferðakostnaður | 2.218.437 | 1.675.200 |
| Sérfræðiþjónusta | 24.334.407 | 13.522.400 |
| Ýmis aðkeypt þjónusta | 37.193.692 | 41.709.100 |
| Leigugreiðslur | 3.787.561 | 2.529.774 |
| Orkukaup | 7.606.422 | 6.384.500 |
| Mannvirkjagerð og viðhald | 11.091.721 | 14.329.200 |
| Vátryggingar og opinber gjöld | 2.951.559 | 2.150.900 |
| Styrkir og framlög | 45.967.885 | 52.028.400 |
| Niðurfærsla og annar kostnaður | (201.023) | |
| | 184.639.524 | 186.525.174 |

**Fjármagnsliðir:**

24. Fjármagnsliðir greinast þannig:

| | | |
|---|---|---|
| *Fjármunatekjur:* | | |
| Tekjur af eignahlutum | 25.432.145 | 18.137.200 |
| Vaxtatekjur og verðbætur | 19.771.355 | 13.580.000 |
| | 45.203.500 | 31.717.200 |
| *Fjármagnsgjöld:* | | |
| Vaxtagjöld og verðbætur | 318.481 | 2.545.200 |
| Fjármagnstekjuskattur | 4.351.617 | 2.553.000 |
| | 4.670.098 | 5.098.200 |
| Fjármagnsliðir, nettó | 40.533.402 | 26.619.000 |

**Heildaryfirlit um rekstur:**

25. Yfirlit um rekstur málaflokka, stofnana og fyrirtækja sveitarfélagsins í samanburði við upphaflega áætlun og endurskoðaða áætlun, er hér að aftan.

**Varanlegir rekstrarfjármunir:**

26. Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

| | Fasteignir og lóðir | Gatnagerð og veitukerfi | Bifreiðar, tæki og búnaður | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| Heildarverð í ársbyrjun | 1.002.337.850 | 75.531.491 | 20.384.509 | 1.098.253.850 |
| Afskrifað áður | (515.245.415) | (19.814.791) | (9.248.621) | (544.308.827) |
| Bókfært verð í ársbyrjun | 487.092.435 | 55.716.700 | 11.135.888 | 553.945.023 |
| Viðbót á árinu | 174.566.118 | | 2.300.000 | 176.866.118 |
| Endurmat lóða og lendna | 39.885.000 | | | 39.885.000 |
| Selt á árinu | (7.361.497) | | | (7.361.497) |
| Afskrifað á árinu | (20.240.199) | (3.021.252) | (1.834.390) | (25.095.841) |
| Bókfært verð í árslok | 673.941.857 | 52.695.448 | 11.601.498 | 738.238.803 |
| Heildarverð samtals | 1.206.334.190 | 75.531.491 | 22.684.509 | 1.304.550.190 |
| Afskrifað samtals | (532.392.333) | (22.836.043) | (11.083.011) | (566.311.387) |
| Bókfært verð í árslok | 673.941.857 | 52.695.448 | 11.601.498 | 738.238.803 |
| Afskriftarhlutföll | 2-4% | 4% | 15% | |

**Skýringar, frh.:**

***Fjárfesting***

27. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum á árinu greinist þannig:

| | Fjárfesting ársins | Fjárhagsáætlun |
|---|---|---|
| Heiðarskóli nýbygging | 172.571.066 | 273.100.000 |
| Leikskólinn Skýjaborg | 1.481.867 | 1.200.000 |
| Stjórnsýsluhús | 433.185 | |
| Fólksbifreið | 2.300.000 | 2.300.000 |
| Samtals | 176.786.118 | 276.600.000 |

***Fasteignamat og vátryggingarverð***

28. Vátryggingarmat, fasteignamat og bókfært verð varanlegra rekstrarfjármuna greinist þannig:

| | Fasteigna-mat | Vátrygginga-mat | Bókfært verð |
|---|---|---|---|
| Gunnskólahúsnæði | 94.034.000 | 602.875.000 | 298.685.554 |
| Leikskólar | 35.015.000 | 83.793.000 | 80.011.435 |
| Íþróttamannvirki | 9.010.000 | 36.069.000 | 18.373.849 |
| Aðrar þjónustubyggingar | 143.087.000 | 456.114.000 | 224.221.390 |
| Leiguíbúðir | 62.980.000 | 115.983.000 | 10.263.138 |
| Gatnagerð | | | 35.808.032 |
| Veitumannvirki | 8.330.000 | 82.159.199 | 16.887.416 |
| Land og lóðir | 105.726.000 | | 42.386.491 |
| Bifreiðar | | | 4.961.498 |
| Búnaður | | | 6.640.000 |
| Samtals | 458.182.000 | 1.376.993.199 | 738.238.803 |

***Tryggingaverð lausafjármuna***

29. Tryggingaverð lausafjármuna greinist þannig:

| | Vátryggingamat |
|---|---|
| Fræðslu- og uppeldismál | 66.929.000 |
| Menningarmál | 23.778.000 |
| Æskulýðs- og íþróttamál | 1.873.000 |
| Skipulags- og byggingamál | 2.197.000 |
| Sameiginlegur kostnaður | 20.697.000 |
| Vatnsveita | 862.000 |
| Samtals | 116.336.000 |

**Eignarhlutir:**

30. Eignarhlutir í félögum og stofnunum greinast þannig:

| | Eignarhlutur % | Bókfært verð 31.12.2010 |
|---|---|---|
| *Hlutabréf* | | |
| Búhöldur ehf. | 3,75 | 200.000 |
| Lánasjóður sveitarfélaga ohf. | | 19.027.500 |
| Sorpurðun Vesturlands hf. | 3,89 | 863.000 |
| Spölur hf. | 11,64 | 21.238.372 |
| | | 41.328.872 |

**Skýringar, frh.:**

| *Dótturfélög* | Eignarhlutur % | Bókfært verð 31.12.2010 |
|---|---|---|
| Vatnsveitufélag Hvalfjarðar sf. | 50 | 24.981.378 |
| Hitaveitufélag Hvalfjarðar sf. | 50 | 35.159.087 |
| | | 60.140.465 |

Áhrif dótturfélaga eru nú tekin inn í ársreikninginn. Sveitarfélagið hefur atkvæðisrétt og stjórnunarlega ábyrgð í hlutfalli við eignarhluta sinn í Vatnsveitufélagi Hvalfjarðar sf. Í Hitaveitufélagi Hvalfjarðar sf. er sveitarfélagið með eitt atkvæði af 21 og á einn fulltrúa í þriggja manna stjórn. Hlutdeild í afkomu dótturfélaga nam 2.123 þús. kr. en á móti var leiðrétt bókfært verð eignarhlutans í ársbyrjun sem nemur 1.356 þús. eða samtals bókfærð hlutdeild 767 þús. kr.

| *Sameignarfélög* | Eignarhlutur % | Bókfært verð 31.12.2010 |
|---|---|---|
| Byggðasafnið í Görðum | 10 | 8.605.723 |
| Höfði hjúkrunar- og dvalarheimili | 10 | 34.565.939 |
| Fjölbrautaskóli Vesturlands | 1,55 | 5.049.883 |
| Faxaflóahafnir sf. | 9,24 | 648.653.612 |
| Heilbrigðiseftirlit Vesturlands | 3,83 | (118.401) |
| Heilbrigðisstofnun Vesturlands | 9,3 | 2.758.751 |
| Samtök sveitarfélaga í Vesturlandskjördæmi | 3,87 | 710.621 |
| Símenntunarmiðstöð Vesturlands | 7,28 | 266.906 |
| Sláturfélag Suðurlands | | 753 |
| | | 700.493.787 |
| Samtals eignarhlutar | | 801.963.124 |

**Langtímakröfur:**

31. Breyting langtímakrafna á árinu greinist þannig:

| | Nafnvextir | 31.12.2010 |
|---|---|---|
| Staða langtímakrafna í ársbyrjun | | 42.410.225 |
| Nýjar langtímakröfur | | 8.514.415 |
| Afborgun á árinu | | (12.975.777) |
| Verðbætur | | 1.081.428 |
| Langtímakröfur samtals þ.m.t. næsta árs afborganir | 3,5-4,5% | 39.030.291 |
| Næsta árs afborganir | | (5.565.220) |
| | | 33.465.071 |

Samkvæmt lánasamningum greiðast afborganir langtímakrafna þannig:

| | |
|---|---|
| Árið 2011 | 5.565.220 |
| Árið 2012 | 5.153.436 |
| Árið 2013 | 4.337.952 |
| Árið 2014 | 4.337.952 |
| Árið 2015 | 4.085.818 |
| Síðar | 15.549.913 |
| Langtímakröfur samtals þ.m.t. næsta árs afborganir | 39.030.291 |

**Skammtímakröfur og verðbréf:**

32. Niðurfærsla skammtímakrafna og verðbréfa greinist þannig:

| | |
|---|---|
| Niðurfærsla í ársbyrjun | 5.300.000 |
| Afskrifaðar kröfur | (784.706) |
| Gjaldfærð niðurfærsla ársins | 2.484.706 |
| | 7.000.000 |

**Skýringar, frh.:**

**Eigið fé:**

33. Yfirlit um eiginfjárreikninga:

| | Eignasjóður | Aðalsjóður | Samtals |
|---|---|---|---|
| Eigið fé í ársbyrjun........................................................................ | 191.109.529 | 1.403.333.678 | 1.594.443.207 |
| Lóðir eignfærðar skv. tekjuaðferð.................................................... | 39.885.000 | | 39.885.000 |
| Rekstrarniðurstaða ársins................................................................ | 71.291.393 | 118.798.526 | 190.089.919 |
| | 302.285.922 | 1.522.132.204 | 1.824.418.126 |

**Lífeyrisskuldbinding:**

34. Á sveitarfélaginu hvílir skuldbinding vegna verðbóta á lífeyrisréttindi starfsmanna sveitarfélagsins sem eiga aðild að B-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Lífeyrisréttindin hafa verið reiknuð út og færð í ársreikninginn. Reiknuð lífeyrisréttindi að fjárhæð 123 þús., sem byggð eru á útreikningi tryggingastærðfræðings frá árslokum 2008, hafa verið uppreiknuð og eru færð í rekstrarreikning og á móti til skuldar á efnahagsreikning.

**Langtímaskuldir:**

35. Breyting langtímaskulda á árinu greinist þannig:

| | Nafnvextir | 31.12.2010 |
|---|---|---|
| Staða langtímaskulda í ársbyrjun ................................................................................ | | 2.384.203 |
| Afborgun á árinu ........................................................................................................ | | (756.203) |
| Verðbætur .................................................................................................................. | | 2.968 |
| Langtímaskuldir samtals þ.m.t. næsta árs afborganir ................................................. | 5,5% | 1.630.968 |
| Næsta árs afborganir ................................................................................................. | | (815.484) |
| | | 815.484 |

Samkvæmt lánasamningum greiðast afborganir langtímaskulda þannig:

| | |
|---|---|
| Árið 2011 ........................................................................................................................................ | 815.484 |
| Árið 2012 ........................................................................................................................................ | 815.484 |
| Langtímaskuldir samtals þ.m.t. næsta árs afborganir ................................................................ | 1.630.968 |

**Heildaryfirlit um samantekna fjárhagsstöðu A hluta í árslok:**

36. Eignir, skuldir og eigið fé sveitarfélagsins greinast þannig:

| | Eignarhluti | Eignir | Skuldir | Eigið fé |
|---|---|---|---|---|
| Aðalsjóður ......................................................... | 100% | 1.593.471.253 | 71.339.049 | 1.522.132.204 |
| Eignasjóður ....................................................... | 100% | 755.210.709 | 452.924.787 | 302.285.922 |
| Millifærslur, innbyrðis staða .............................. | | (469.896.693) | (469.896.693) | |
| Heildarstaða eigna og skulda í A hluta ................ | | 1.878.785.269 | 54.367.143 | 1.824.418.126 |

**Skuldbindingar og samningar:**

37. Ábyrgðaskuldbindingar:

Hvalfjarðarsveit er í einfaldri ábyrgð fyrir lánum að eftirstöðvum 27,3 millj. kr. vegna Sorpurðunar Vesturlands hf. Ábyrgðin er í hlutfalli við eignarhluta sveitarfélagsins í félaginu og veitt skv. heimild í 6. mgr. 73.gr. sveitarstjórnarlaga. Ekki hefur verið innheimt ábyrgðargjald vegna þessarar ábyrgðar. Jafnframt er sveitarfélagið í ábyrgð fyrir skuldbindingum eigin fyrirtækja og stofnana, svo sem Faxaflóahafna sf., Höfða hjúkrunar- og dvalarheimilis og annarra sameignarfélaga sbr. skýringu nr. 30.

**Skýringar, frh.:**

38. Þjónustu- og verksamningar:

Í árslok eru í gildi verk- og þjónustusamningar sem hafa í för með sér skuldbindingu fyrir sveitarfélagið á næstu árum. Útgjöld vegna þeirrra eru gjaldfærð þegar þau falla til. Á árinu 2010 var unnið að nýrri grunnskólabyggingu skv. verktakasamningi við Eykt hf., en óhafinn framkvæmdakostnaður í árslok 2010 var um 308 millj. kr. skv. samningnum og fellur framkvæmdakostnaðurinn til á fyrri hluta ársins 2011 samkvæmt samningnum.

39. Húsaleigusamningar:

Sveitarfélagið hefur ekki gert langtímasamninga um leigu húsnæðis.

**Tengdir aðilar:**

40. Aðal- og varamenn í sveitarstjórn auk æðstu stjórnenda sveitarfélagsins eru skilgreindir sem tengdir aðilar sveitarfélagsins. Makar þessara aðila og ófjárráða börn og aðrir fjárhagslega háðir einstaklingar falla einnig undir skilgreininguna ásamt fyrirtækjum í eigu eða undir stjórn þessara aðila.
Sveitarfélagið hefur átt viðskipti við tengda aðila á árinu, en viðskiptin eru á sömu forsendum og þegar um ótengda aðila er að ræða og eru skilyrði og skilmálar viðskiptanna sambærileg og við ótengda aðila. Við ákvörðun um viðskipti við tengda aðila er farið að hæfisreglum 19. gr. sveitarstjórnarlaga.

**Önnur mál:**

41. Samningur sveitarfélagsins við Innova ehf. kvað á um uppbyggingu íbúðarsvæðis í landi Kross í Hvalfjarðarsveit, m.a. um afhendingu á leikskóla á tilteknu byggingarstigi, gerð gatna, gangstétta, stíga og opinna svæða. Félagið varð gjaldþorta og hefur Reginn ÞR1 ehf. nú yfirtekið eignir félagsins í Landi Kross. Hvalfjarðarsveit hefur gert samkomulag við Reginn ÞR1 ehf. um að félagið ljúki þeim framkvæmdum sem Innova ehf. átti að ljúka á íbúðarsvæðinu Kross 1. Samkvæmt samkomulaginu verður lóð undir leikskóla afsalað til Hvalfjarðarsveitar.

Landeigandi í sveitarfélaginu hefur gert bótakröfu á hendur sveitarfélaginu vegna meintrar verðrýrunar jarðar sinnar sem er talin afleiðing af framkvæmd deiliskipulags á nærliggjandi jörð. Fyrirliggjandi er mat yfirmatsmanna um áætlaða verðrýrun jarðarinnar um 10,4 millj. kr. Jafnframt eru uppi bótakröfur á hendur sveitarfélaginu vegna meintra galla á fasteign vegna þess að byggingareftirliti hafi verið áfátt.

## Skýringar, frh.:

## Lykiltölur:

42. Lykiltölur greinast þannig:

| | 2010 | Áætlun | 2009 | 2008 | 2007 |
|---|---|---|---|---|---|
| ***Í hlutfalli við rekstrartekjur:*** | | | | | |
| Útsvar | 30,37% | 32,36% | 32,25% | 34,25% | 33,03% |
| Fasteignaskattur | 41,13% | 46,54% | 43,51% | 36,68% | 36,28% |
| Framlög Jöfnunarsjóðs | 13,41% | 13,40% | 13,90% | 13,20% | 17,55% |
| Lóðarleiga | 0,32% | 0,40% | 0,28% | 0,28% | 0,28% |
| Skatttekjur samtals | 85,23% | 92,71% | 89,95% | 84,40% | 87,14% |
| Aðrar tekjur | 14,77% | 7,29% | 10,05% | 15,60% | 12,86% |
| Rekstrartekjur samtals | 100,00% | 100,00% | 100,00% | 100,00% | 100,00% |
| Laun og launatengd gjöld | 39,24% | 41,36% | 43,12% | 41,42% | 41,88% |
| Annar rekstrarkostnaður | 31,29% | 35,51% | 36,50% | 41,84% | 43,05% |
| Rekstrarniðurstaða fyrir afskiftir | 29,47% | 23,13% | 20,39% | 16,74% | 15,08% |
| Afskriftir | 4,25% | 4,73% | 4,05% | 3,73% | 4,59% |
| Fjármagnsliðir | 6,87% | 5,07% | 6,20% | 7,18% | 7,11% |
| Áhrif dótturfélaga | 0,13% | 0,00% | | | |
| | 67,79% | 76,52% | 77,47% | 79,82% | 82,40% |
| Rekstrarniðurstaða | 32,21% | 23,48% | 22,53% | 20,18% | 17,60% |
| Veltufé frá rekstri (til rekstrar) | 29,07% | 28,20% | 24,94% | 20,05% | 21,70% |
| Fjárfestingarhreyfingar | 21,71% | 52,66% | 30,75% | 10,61% | 13,79% |

| ***Í krónum á íbúa:*** | 2010 | 2009 | 2008 | 2007 | 2006 |
|---|---|---|---|---|---|
| **Rekstur** | | | | | |
| Skatttekjur | 815.109 | 776.250 | 692.338 | 576.406 | 483.776 |
| Aðrar tekjur | 141.262 | 86.775 | 127.983 | 85.031 | 80.816 |
| Laun og launatengd gjöld | 375.293 | 372.109 | 339.781 | 276.977 | 255.903 |
| Annar rekstrarkostnaður | 339.928 | 349.944 | 373.885 | 315.079 | 386.806 |
| Fjármagnsliðir og aðrir liðir | 66.937 | 53.487 | 58.875 | 47.048 | 43.366 |
| Rekstrarniðurstaða | 308.087 | 194.459 | 165.530 | 116.429 | (34.751) |
| **Efnahagur** | | | | | |
| Eignir | 3.045.033 | 2.629.287 | 2.369.129 | 2.090.083 | 2.159.489 |
| Eigið fé | 2.956.918 | 2.547.034 | 2.297.523 | 2.000.888 | 2.069.817 |
| Skuldir | 88.115 | 82.253 | 71.606 | 89.195 | 89.672 |
| **Sjóðstreymi** | | | | | |
| Veltufé frá rekstri (til rekstrar) | 278.048 | 215.221 | 164.442 | 143.558 | (12.710) |
| Handbært fé frá rekstri (til rekstrar) | 258.002 | 211.332 | 142.286 | 182.538 | (7.524) |
| ***Aðrar lykiltölur:*** | | | | | |
| Veltufé frá rekstri (til rekstrar) í hlutfalli við langtímaskuldir og skuldbindingar mælt í árum | 0,00 | 0,01 | 0,02 | 0,05 | (1,54) |
| Veltufjárhlutfall | 5,71 | 5,23 | 6,57 | 4,52 | 5,00 |
| Eiginfjárhlutfall | 0,97 | 0,97 | 0,97 | 0,96 | 0,96 |
| Útsvarsprósenta | 13,03% | 13,03% | 11,61% | 11,61% | 11,61% |
| Fasteignaskattsprósenta A-liður | 0,470% | 0,470% | 0,470% | 0,470% | 0,470% |
| Fasteignaskattsprósenta B-liður | 1,320% | 1,320% | 1,320% | 1,110% | 1,110% |
| ***Íbúafjöldi:*** | | | | | |
| Íbúafjöldi 1. desember | 617 | 626 | 641 | 683 | 613 |
| Breyting frá fyrra ári | (1,44%) | (2,34%) | (6,15%) | 11,42% | 1,66% |

# Rekstraryfirlit árið 2010

Fjárhæðir eru í þús. kr.

| Aðalsjóður: | **Tekjur** | Laun og launatengd gjöld | Framlög og styrkir | Innri leiga/ þjónusta | Annar rekstrar- kostnaður | Afskriftir | **Fjármagns- liðir, nettó** | **Rekstrar- gjöld nettó** | **Rekstrar- niðurstaða** | Áætlun | Frávik frá áætlun |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 00 - Skatttekjur ............................................. | **505.810** | | | | | | | | **505.810** | 489.911 | 15.899 |
| 02 - Félagsþjónusta ...................................... | **2.782** | 17.381 | 2.569 | 8.775 | 8.415 | | | **37.140** | **(34.358)** | (32.417) | (1.941) |
| 04 - Fræðslu- og uppeldismál ....................... | **14.837** | 148.870 | 14.029 | 50.015 | 45.946 | | | **258.860** | **(244.023)** | (249.625) | 5.602 |
| 05 - Menningarmál ....................................... | **4.213** | 4.085 | 5.737 | 19.845 | 5.337 | | | **35.004** | **(30.791)** | (27.242) | (3.549) |
| 06 - Æskulýðs- og íþróttamál ....................... | **4.072** | 6.203 | 3.499 | 3.617 | 5.956 | | | **19.275** | **(15.203)** | (15.287) | 84 |
| 07 - Brunamál og almannavarnir .................. | | 13 | 10.759 | 1.026 | 1.512 | | | **13.310** | **(13.310)** | (14.444) | 1.134 |
| 08 - Hreinlætismál ........................................ | **7.213** | | 309 | | 15.427 | | | **15.736** | **(8.523)** | (12.154) | 3.631 |
| 09 - Skipulags- og byggingamál ................... | **10.379** | 15.588 | 0 | 3.725 | 6.418 | | | **25.731** | **(15.352)** | (13.688) | (1.664) |
| 10 - Umferðar- og samgöngumál .................. | | | | 3.716 | 4.880 | | | **8.596** | **(8.596)** | (9.675) | 1.079 |
| 11 - Umhverfismál ....................................... | **316** | 613 | 31 | 105 | 2.808 | | | **3.557** | **(3.241)** | (4.407) | 1.166 |
| 13 - Atvinnumál ........................................... | **460** | 1.073 | | 401 | 2.983 | | | **4.457** | **(3.997)** | (5.330) | 1.333 |
| 20 - Fráveita - vatnsveita- hitaveita .............. | **5.652** | 24 | | 3.560 | 4.803 | | | **8.387** | **(2.735)** | (3.605) | 870 |
| 21 - Sameiginlegur kostnaður ...................... | **18.568** | 36.570 | 1.258 | 28.159 | 27.500 | | | **93.487** | **(74.919)** | (63.358) | (11.561) |
| 22 - Áfallin lífeyrisskuldbinding ................... | | | | | | | | **0** | **0** | | 0 |
| Málaflokkar samtals | **574.302** | 230.420 | 38.191 | 122.944 | 131.985 | 0 | 0 | **523.540** | **50.762** | 38.679 | 12.083 |
| 28 - Fjármagnsliðir: | | | | | | | | | | | |
| Vaxtagjöld ............................................... | | | | | | | 322 | **322** | **(322)** | (2.545) | 2.223 |
| Vaxtatekjur og arður ............................... | | | | | | | (43.625) | **(43.625)** | **43.625** | 26.064 | 17.561 |
| Vaxtatekjur, eigin fyrirtæki ..................... | | | | | | | (24.733) | **(24.733)** | **24.733** | 26.795 | (2.062) |
| | **574.302** | 230.420 | 38.191 | 122.944 | 131.985 | 0 | (68.036) | **591.576** | **118.798** | 88.993 | 29.805 |
| Þar af innri viðskipti | **(132.586)** | | | (132.586) | | | 0 | **(132.586)** | **0** | | 0 |
| Aðalsjóður samtals | **441.716** | 230.420 | 38.191 | (9.642) | 131.985 | 0 | (68.036) | **458.990** | **118.798** | 88.993 | 29.805 |
| **Aðrir sjóðir og stofnanir:** | | | | | | | | | | | |
| Eignasjóður .................................................. | **146.087** | 1.137 | | 9.642 | 14.188 | 25.096 | 24.733 | **50.063** | **71.291** | 34.317 | 36.974 |
| | **146.087** | 1.137 | 0 | 9.642 | 14.188 | 25.096 | 24.733 | **50.063** | **71.291** | 34.317 | 36.974 |
| Þar af innri viðskipti | | | | | | 0 | 0 | **0** | **0** | 0 | 0 |
| Aðrir sjóðir | **146.087** | 1.137 | 0 | 9.642 | 14.188 | 25.096 | 24.733 | **50.063** | **71.291** | 34.317 | 36.974 |
| **Samtals** | **587.803** | 231.557 | 38.191 | 0 | 146.173 | 25.096 | (43.303) | **509.053** | **190.089** | 123.310 | 66.779 |